



Skýrsla um starf Landbúnaðarsafns Íslands á árinu 2011

Inngangur: Á árinu 2011 var starf safnsins í hefðbundnu fari. Lítið eitt var unnið að undirbúningi framtíðarmiðstöðvar þess í Halldórsfjósi. Það var þó minna en vonir stóðu til enda fjármunir litlir. Árið var þess í stað notað til annarra verka, m.a. til þess að öngla saman fé til frekari framkvæmda.

Stjórn: Ný stjórn safnsins tók til starfa með árinu 2011. Aðalfundur safnsins var haldinn 27. apríl 2011 og voru þá boðaðir stjórnarmenn sem og varastjórnarmenn. Stjórnarformaður, Ágúst Sigurðsson, og undirritaður hafa haft samráð um ýmis atriði í fari safnsins á árinu, en sakir kyrrðar í gerðum þess og kostnaðar við ferðalög og fundi hefur hófs verið gætt í þeim. Nokkrir stjórnarmenn hafa heimsótt safnið á árinu og sótt atburði á vegum þess, og er það þakkað.

Starfsfólk: Undirritaður bar ábyrgð á starfi safnsins í tæplega 35% starfshlutfalli. Það er framlag LbhÍ til verkefnsins. Safnið krefst þó mun meira vinnuframlags. Undirritaður hefur því einnig unnið utan klukku að málefnum þess. Jóhannes Ellertsson kennari vann við safnið að viðgerðum og viðhaldi safnmuna, svo og eftirliti með þeim. Guðrún Bjarnadóttir BS leysti undirritaðan af við móttöku gesta í nokkra daga á árinu. Ásdís B. Geirdal er gjaldkeri safnsins og Kristín Siemsen færir bókhald þess og setur upp ársreikning. Þórunn Edda Bjarnadóttir annast ýmsa tölvuvinnslu fyrir safnið, einkum hönnun og uppsetningu sýningar- og kynningarefnis. Fleiri komu sem fyrr að einstökum verkum, þar á meðal sjálfbóðaliðar, en þeirra naut safnið með ýmsum hætti á árinu.

Opnunartími: Safnið var opið alla daga mánuðina júní-ágúst kl. 12-17, og raunar lengur dag hvern og í fleiri mánuði því Ullarselið, samhýsingur safnsins, annast afgreiðslu gesta sem áhuga hafa á að skoða safnið utan hins hefðbundna opnunartíma. Tekið var á móti gestum á öðrum tímum eftir pöntunum, svo að í reynd var safnið opið allt árið, eins og verið hefur um árabíl.

Aðsókn: Á árinu 2011 var heildarfjöldi gesta ríflega 4.600, nokkru fleiri en árið áður (4.100). Sem fyrr var allstór hluti þeirra þátttakandi í hópferðum er fengu þá sérstaka leiðsögn um safnið og oftast einnig kynningu á annarri búnaðartengdri starfsemi á Hvanneyri. Ýmsum gestum og gestahópum var sömuleiðis veitt almenn kynning á íslenskum landbúnaði og einstökum greinum hans. Erlendir gestir voru um 600. Fræðsluþörf gesta safnsins árið 2011 virtist undirrituðum öllu meiri og sérhæfðari en verið hefur áður.

Húsnæði: Húsnæði safnsins er óbreytt frá fyrra ári. Sýningarrými má telja viðunandi bráðabirgðahúsnæði. Geymslur standast vart lágmarkskröfur en reynt er þó að sjá til þess að gripir liggi ekki undir skemmdum. Faghópur Umhverfisskipulagsbrautar LbhÍ gerði frumtillögu að frágangi umhverfis Halldórsfjós sem lögð verður til grundvallar umbótum þar á árinu 2012.

Safnkostur: Safnkostur óx um nær fjóra tugi á árinu. Sérstaklega ber að nefna gjöf Steindórsstaðahjóna í Reykholtssdal, Ford 3000 – dráttarvél, árgerð 1975, og Ford-bifreið 1927, sem Arion-banki færði safninu við hátíðlega athöfn í september. Hvort tveggja forkunnarvel hirtir gripir. Safnið telur því, með fyrirvara um hvernig gripir eru taldir, tæplega 700 gripi, auk ljósmynda, bóka, bæklinga ofl. Safnið á nú dágott þversnið áhalda, gripa og tækja sem komu við sögu utan stokks búverka á árunum 1880-1970. Á grundvelli söfnunarstefnu safnsins var áfram unnið að söfnun gripa: áhalda, véla, ljósmynda, bóka, bæklinga, ritaðra heimilda ofl. Framboð muna er sem fyrr mikið, einkum véla og tækja, enda gríðarlegar breytingar þessi árin í búskap og búsetu fólks. Reynt er að beita ströngu munavali um leið og nokkur leit hefur verið gerð að gripum, munum og minjum sem stóran sess eiga í landbúnaðarsögunni.

Skráning: Haldin er rafræn ársbók fyrir safnið í hverja skráð eru öll aðföng og helstu atburðir í tilveru safnsins. Áfram var færð sú rafræna skrá muna er tókst að koma upp á árinu 2010. Undirritaður viðurkennir að öðru leyti sleifarlag sitt á skráningu sem ekki mun lagast fyrr en kraftur verður settur í skráningu muna safnsins í SARP. Vonandi tekst að hefja það starf á fullu á árinu 2012.

Varðveisla/forvarsla: Unnið var að aðhlyningu safngripa; mest í því skyni að verja þá skemmdum og lagfæra í frumatriðum: liðka, rétta, hreinsa, bæta, laga o.s.frv. svo gegnt geti hlutverki sínu. Nýtur safnið þar enn hins fágæta vöfundar, Jóhannesar Ellertssonar vélvirkja og kennara. Hann fór á eftirlaun haustið 2011. Samningur var hins vegar gerður um framhald starfs hans. Reynir undirritaður ekki að lýsa því hve vel það kemur safninu.

Rannsóknir: Undirritaður fæst nokkuð við rannsóknir á búnaðarsögulegum atriðum í tengslum við safnsstarfið. Þessi eru helstu verkefnið sem varða árið 2011:

- Með samvinnu við Laxveiði- og sögusafnið í Ferjukoti var *saga nýtingar flæðingja í Borgarfirði* rannsökuð, m.a. með aðstoð margra heimildarmanna í héraði. Rannsóknina vinnur Ragnhildur Helga Jónsdóttir land- og umhverfisfræðingur. Haldinn var framhalds-heimildaöflunarfundur með á fjórða tug héraðsmanna 2. febrúar 2011. Lokaskýrsla er í þann mund að verða tilbúin. Verkið var kynnt með fræðslugöngu um Hvanneyrarengjar á *Safnadegi* 10. júlí 2011. Þá var sett upp veggspjaldakynning á niðurstöðum þess undir gaffli Halldórsfjós, er kom staðargestum sýnilega vel. Þá kynnti Ragnhildur Helga helstu niðurstöður verkefnisins með erindi á þingi landfræðinga í Reykjavík í nóvember 2011.
- Unnið var áfram að rannsókn á *gömlum ræktunarháttum*, þetta árið með athugunum á frumkvæði Guðmundar Ólafssonar jarðræktarmanns á Fitjum í Skorradal að nútíma jarðrækt. Hafði Landbúnaðarsafn frumkvæði að vel sóttu málþingi um Guðmund sem haldið var að Fitjum 10. september 2011. Hluti efnisins var einnig kynntur á málþingi Ólafsdalsfélagsins í Þjóðarbóklöðu 16. janúar 2011, sjá ritaskrá hér á eftir.

- Þokað var áfram ritverkinu *Íslensk sláttusaga*, ritverki sem snýst um slátt, sláttuáhöld og sláttutækni frá þekktu upphafi byggðar til byrjunar 21. aldar. Undirritaður átti tveggja daga vinnufund í Hallingdal með Hans Petter Evensen lektor og verkháttufræðingi í september, en hann vinnur að sambærilegu ritverki fyrir Noreg. M.a. var þá rannsökuð á vettvangi framleiðsla og saga hinna frægu Eylands-ljóa sem smíðaðir voru hjá Brusletto á Geilo í Hallingdal. Smástyrk norrænan fékk undirritaður til ferðarinnar en naut ríkulegrar gestrisni hins norska kollega. Að öðru leyti greiddi undirritaður sjálfur kostnað við rannsóknafærð þessa.
- Unnið var áfram að söfnun fróðleiks um *notkun hestasláttuvéla*. Er hún byggð á spurningaskrá sem samin var, að hluta með aðstoð og ráðgjöf Þjóðminjasafnsins. Nú hafa borist á fjórða tug svara. Á árinu var bætt við athugun þessa útvegum ljósmynda af notkun hesta til sláttar og fleiri búverka með samvinnu við nokkur opinber (ljós)myndasöfn víða um land.
- Lokið var ritun *sögu IHC-búvéla á Íslandi* og þáttar þeirra í framvindu búskapar og þjóðlífs. Bókin *Alltaf er Farmall fremstur* kom út hjá forlaginu Uppheimar á Akranesi þann 16. júlí. Höfundarlaun verksins renna til Landbúnaðarsafns sem er aðili að útgáfunni eins og bókarinnar um Ferguson.
- Nokkrum tíma var varið til könnunar á *frumkvæði Jóns Sigurðssonar að búnaðarumbótum á 19. öld* vegna lítillar sýningar sem sett var upp í safninu og opnuð formlega á Safnadegi 10. júlí 2011. Um allmarga sýningarmuni naut safnið samvinnu við Byggðasafn Borgarfjarðar – að millisafnaláni. Afmælisnefnd Jóns Sigurðssonar veitti safninu aðstoð vegna sýningarinnar.

Fjárhagur: Á þessari stundu liggja helstu tölur rekstrar safnsins á árinu 2011 ekki fyrir. Framlag fékkst frá Safnasjóði (1.100 þkr. - rekstur) og Alþingi (900 þkr.- stofnfé). Ennfremur rekstrarstyrkur frá Borgarbyggð (500 þkr.). Tekjur af aðgangseyri munu verða um 1.300 þkr. Fyrirtækið Jötunn-vélar á Selfossi styrkti safnið á árinu. Tekjur af höfundarlaunum bókana um Ferguson og Farmal verða töluverðar og eru þá nefndir helstu tekjuliðir. Langmest munar um framlag og stuðning Landbúnaðarháskólans sem um langan aldur hefur verið bakhjarl safnsins. Það var Bændaskólinn á Hvanneyri, forveri LbhÍ, er gerði safnið að þeirri stofnun sem það er.

Annað: Af öðrum þáttum safnsstarfsins má einkum nefna þessa:

1. Safnið heldur úti heimasíðunni www.landbunadarsafn.is sem reynst hefur safninu verðmætur og vaxandi kynningarvettvangur. Síðan er tengd „Face-book“ sem virðist hafa aukið áhrifamátt hennar. Fréttir af safninu og starfi þess hafa verið sagðar jafnóðum á heimasíðunni, og er til hennar vísað.
2. Safnið samnýtir sem fyrr fjölmarga þætti í starfsaðstöðu LbhÍ á Hvanneyri og nýtur margs konar hagræðis af nábyli við hann. Má af þeim nefna verkstæði, bókasafn, tún, engi og úthaga, mötuneyti og fundaaðstöðu ofl. Þar á mótí annast safnið hluta gestamóttöku og kynningar fyrir LbhÍ.
3. Tíma var varið til kynningar á safninu með smágreinum í blöðum en einnig með viðtölum í fjölmiðlum og fræðslu til þeirra. Rækileg kynningargrein um safnið var rituð fyrir *Borgfirðingabók 2011*, sjá ritaskrá.
4. Sigríður Sigþórsdóttir arkitekt er ráðgjafi safnsins varðandi umbætur í Halldórsfjosi. Haft er náið samráð um endurbæturnar við Fasteignir ríkisins sem fallist hafa á að taka nokkurn þátt í kostnaði við þær eftir nánara samkomulagi.

5. Efnit var til nokkurra viðburða á vegum safnsins á árinu 2011, ýmist þess eins eða með samvinnu við aðra. Hér skulu nokkrir nefndir:
- a. Þann 19. mars 2011 var haldið áttunda námskeiðið *Forntraktorar – meira en járn og stál* í samvinnu við LbhÍ og verktakafyrirtækið Jörva. Námskeið þessi hafa verið afar skemmtileg og skilað miklum árangri – og gagnkvæmum fyrir Landbúnaðarsafnið.
 - b. *Málþing um Guðmund Ólafsson jarðræktarmann á Fitjum* – málþing haldið þar 10. september til þess að minnast Guðmundar og frumkvæðis hans í jarðrækt Íslendinga. Málþingið var haldið í samvinnu við niðja Guðmundar. Flutt voru þrjú erindi um Guðmund: Auk undirritaðs mæltu þar K. Hulda Guðmundsdóttir bóndi og frumkvöðull á Fitjum og Ingi Sigurðsson prófessor. Um 40 manns sóttu þingið í einstakri haustblíðu.
 - c. *Safnadagurinn* 10. júlí var markaður með opnun lítillar sýningar um umbótahugmyndir Jóns Sigurðssonar. Sýningin var sett upp og að hluta kostuð af *Afmælisnefnd Jóns Sigurðssonar*. Undirritaður hélt stutt erindi um viðfangsefnið við opnun sýningarinnar og Björn G. Björnsson frkvstj. afmælisnefndarinnar flutti ávarp. Gestir á Safnadesi urðu um 200.
 - d. Þann 16. júlí var efnit til *Farmal-fagnaðar*, þar sem vélar, einkum dráttarvélar, frá IHC voru í öndvegi. Megintilgangur fagnaðarins var útgáfa bókarinnar *Alltaf er Farmall fremstur*. Boðið var upp á dagskrá kl. 13.30-17, m.a. þræslátt Farmal-véla, og kynningu bókarinnar er þá seldist vel. Margar gesta-dráttarvélar komu á svæðið. Almennir gestir urðu um 500 og nutu flestir dagsins, að því er séð varð.
 - e. Vegna útkomu bókarinnar um *Farmal* hefur höfundur hennar mætt á allmarga kynningarfundum. Hafa þeir skilað ýmsu efni sem gagnlegt er safninu, ljósmyndum, frásögnum og jafnvel öðru áþreifanlegri hlutum.
 - f. Að beiðni Ferguson-félagsins hefur undirritaður mætt á *fræðslufundi* í Mosfellssveit, Skagafirði og á Akureyri til þess að fjalla um *þætti úr nútækniögu tuttugustu aldar*. Sýnist frekari spurn vera eftir slíkum fróðleik.
 - g. Margar fyrirspurnir berast safninu, einkum símleiðis, sem reynt hefur verið að svara eftir föngum. Eru þær sýnilegt tákni vaxandi áhuga manna á véla- og verktækniögu síðustu aldar.

Landbúnaðarsafn þakkar öllum hlutaðeigandi samstarf, liðveislu og vinsemd aðra safninu veitta á árinu 2011. Okkur skilaði nokkuð fram á árinu. Lengra hefði mátt komast. Það tekst á árinu 2012 þó ekki verði af öðru en því að það er hlaupár og ár sem hefur þversummuna fimm. Í ásetningi safnsins er árið helgað orfi og ljáum, sjá heimasíðu safnsins: <http://www.landbunadarsafn.is/frettir/nr/123842/>

Horft er með æskukátri hlökkun til næsta árs hvað snertir starf Landbúnaðarsafns Íslands. Heitið er á góða menn og konur til áframhaldandi starfs og samvinnu á árinu 2012.

Hvanneyri 3. janúar 2012

Pjarni Guðmundsson

Viðauki:

Ritgerðir 2011 – er varða Landbúnaðarsafn:

Bjarni Guðmundsson 2011. *Landbúnaðarsafn Íslands Safn á gömlum grunni*. Borgfirðingabók 12. árg. 2011. Bls. 160-173.

- Til hvers landbúnaðarsafn? *Freyja*, 1. tbl. 1. árg. 2011. Bls. 25-27.
- *Alltaf er Farmall fremstur*. Uppheimar. 2011. 217 bls.
- Le séchage du foin en Islande dans les temps anceiens. (þýð.: Jean-Marc Launois). *Courrier d'Islande*. Octobre 2011. Bls. 18-19.

Erindi 2011 – er vörðuðu Landbúnaðarsafn:

Bjarni Guðmundsson 2011. *Grasgrónar minjar og gamalt járn*. Erindi á Málþingi um Ólafsdal í Þjóðarbókhöðunni 16. janúar. 2011.

- *Fornir jarðræktarhættir*. Erindi í málstofu LbhÍ á Keldnaholti 31. janúar 2011.
- *Forntraktorar og W4 – fyrstu heimilisdráttarvélnar*. Erindi á fræðslufundi Ferguson-félagsins haldinn á Akureyri 22. mars. 2011.
- *Landnamstid og nútíð: Det islandske jordbruket igjennom tidene*. Erindi fyrir „*Land consolidation employees from Oppland, Buskerud and Gulating*“ á Hvanneyri 5. apríl 2011.
- *Jón Sigurðsson og landbúnaðurinn*. Erindi við opnun samnefndrar sýningar í Landbúnaðarsafni 10. júlí 2011.
- „*Eigi er laut, utan leiti sé*“ *Um jarðræktarhugmyndir Guðmundar Ólafssonar jarðræktarmanns að Fitjum í Skorradal*. Erindi á Málþingi um Guðmund Ólafsson á Fitjum – jarðræktarmann Jóns forseta, haldið að Fitjum í Skorradal 10. sept. 2011.
- *Íslensk jordbruk igjennom tidene*. Erindi í Ål videregående skole (Lien jordbruksskole). 13. september 2011.
- *Leikfimisalurinn á Hvanneyri 100 ára*. Erindi á afmælishátíð hússins 25. september 2011.
- *Búnaðarbyltingin á 20. öld – nokkur einkenni*. Fyrirlestur á námskeiðinu Inngangur að búvísindum við LbhÍ, 4. október 2011.
- *Frægir forntraktorar*. Erindi haldið á fræðslufundi Ferguson-félagsins að Ljósheimum í Skagafirði 27. október 2011.

Annað – er varðaði Landbúnaðarsafn:

Bjarni Guðmundsson 2011. *Um Landbúnaðarsafn Íslands*. Á RÚV Rás 1 10. sept. 2011.